



JÚNÍ. 1966.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT:

	Bls.
Sólnadraumur. Ingvar Agnarsson	2
Í hverju skyggni er falin. Þorsteinn Jónsson.	3
Skyggni og skyld fyrirbæri. Þorsteinn Guðjónsson.	5
Skyggni og eðli hennar. Ingvar Agnarsson.	8
Guðmundur á Klafastöðum segir frá..	10
Draumar. Ingvar Agnarsson.	12
Fundargerð.	13

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Forsíðumynd : Stjörnubrýr.

Eftir því sem alheimurinn er raunsakaður nánar, kemur fleira furðulegt í ljós. Ein af furðum hans eru einskonar bönd eða brýr, sem liggja milli sumra vetrarbrauta og tengja þær. Þessar brýr eru lýsandi og því myndaðar af stjörnum. Brýr þessar eru ýmist beinar eða bogadregnar, og stundum virðist vera á þeim lykkja á miðri leið. Þær virðast tengja ýmist tvær eða þrjár vetrarbrautir, og eru stundum mjög langar jafnvel allt upp í eina milljón ljósára, en það er algeng fjarlægð milli nálægra vetrarbrauta.

Talið er að stjörnur þær, sem mynda slíkar brýr, gangi út frá viðkomandi vetrarbrautum vegna aðdráttarafls þeirra hvorrar á aðra. Annað allmerkilegt fyrirbæri kemur einnig í ljós viðvíkjandi þessum sömu vetrarbrautum, en það er einskonar hali, sem oft gengur út frá þeim í gagnstæða átt við brýrnar sem tengja þær. Álíta stjörnufræðingar hala þannan myndast vegna mikils snúningshraða viðkomandi vetrarbrauta og gæti þarna einskonar flóðbylgjuáhrifa, vegna aðdráttarsambands þeirra.

Ingvar Agnarsson 1/4 '66

Heimild : L'univers, eftir Paul Couderc

SÓLNADRAUMUR.

Við hittumst nokkrir Nýalssinnar í gærkvöldi og ræddum m.a. um stjörnufræði.

Í nótt dreymdi mig að ég sá þrjár sólir, tvær þær neðstu voru saman, þannig að önnur stóð hálf út undan hinnu, en þriðja sólin var spölkorn frá, til vinstri og hærra á lofti en hinar. Allar voru þær álíka stórar. Og allar voru þær gulleitar eða hvítar. Himininn var þakinn hvíttri móðu, svo unt var að horfa á sólinnar berum augum. Engu tók ég eftir af umhverfinu, öðru en þessu.

Ingvar Agnarsson.

2. sept. 1964.

Í HVERJU SKYGGNI ER FALIN.

Svo sem ég áður hefi látið í ljós, þá geri ég fastlega ráð fyrir að sjón manna sé í öllum grundvallaratriðum eins, og að því komi það naumast til mála, að einn sjái nokkru sinni það, sem öðrum sé með öllu ósýnilegt. Að tala um röntgenaugu, eins og sumir gera, tel ég því hreina fjarstæðu, enda hlyti blindi á alla sýnilega hluti að vera samfara slíkri sjón. Væri t. d. hið gagnsæja andrúmsloft sýnilegt og því ógagnsætt einhverjum augum, þá gætu slík augu ekki séð neitt frá sér. Hið tæra skyggni hlyti að verða slíkum augum sem blindþoka.

En þó að ég fallist þannig ekki á hina algengu skýringu varðandi skyggni eða ófreski, þá fer því fjarri að ég neiti, að slík gáfa sé til. Svo fjarri fer því, að ég neiti henni, að ég telhana öllum mönnum gefna með nokkrum hætti. Eins og allir munu hafa reynt, þá ber jafnan fyrir sofandi mann ýmislegt það, sem ekki á sér stað í umhverfi hans og aðrir honum nærstaddir sjá ekki. Hinn sofandi maður er þannig í rauninni "skyggni", þegar hann dreymir, og vil ég nú biðja menn að íhuga, hvort þar muni nú ekki vera um að ræða hið sama og hinn svokallaða skyggnihæfileika. A. m. k. er óhætt að segja, að skyggni og draumur hafi verið eitt og sama í dæmi, sem ég ætla nú að segja frá og lesendur félagsblaðsins munu kannast við.

Þrír menn voru á ferð í bíl hjá Hvalfirði og sátu þeir hlið við hlið, en bílstjórinn var einn þessara þriggja. Sér þá sá, sem ímiðið sat, hest hlaupa á veginum framundan bílnum, og sýndist honum bíllinn draga hann uppi. Þegar svo bíllinn er nærri því kominn að hestinum, hnippir maðurinn allópyrmilega í bílstjórnann og spyr, hvort hann ætli að aka ofan á hestinn. En við þetta hrökk maðurinn upp og skildi, að hann hefði verið að dreyma og alls ekki verið að horfa fram á veginn, því að höfuð hans hafði hvílt niður á bringu.

Þetta dæmi, sem er fjarri því að vera einstakt, þykir mér, eins og ég sagði, gefa góða bendingu um, að þetta, sem ber fyrir hinn skyggna mann, sé í rauninni ekki neitt, sem statt sé í umhverfi hans og þá auðvitað ekki neitt það, sem hann sér með eigin augum. Eða með öðrum orðum, dæmi þetta bendir mjög eindregið til þess, að skyggnisýnir séu í rauninni ekki annað en draumsýnir eða draumsæi, sem blandist að meira og minna leyti saman við umhverfi hins skyggna og þær aðstæður, sem fyrir hendi eru hverju sinni. Er ástæða til að ætla, að þessi blöndun svefns og vöku verði með ýmsum hætti og á ýmsu stigi, og má þó sjá, að draumurinn er aðalatriðið í mörgum frásögum skyggna manna.

Þannig kemur það fram hjá Kristmanni Guðmundssyni rithöfundi, þar sem hann segir frá bernsku sinni að Þverfelli í Lundarreykjadal, að þegar hann segist hafa átt leiki með huldubörnum þar (en þar kom einkum til greina stúlka á reki við hann), þá varð umhverfið annað en þar var raunverulega. Þetta land þarna á Þverfelli, þar sem hvergi er hrísla, þótti honum þá vera skógi vaxið, og ber hér einnig að sama brunni að amma hans, sem hann segir að líka hafi verið skyggn, hafi aldrei séð hið sama og hann sá. Og enn bendir það í hina sömu átt, áttina til draumsæis, sem ég heyrði einhvern tíma í viðtali, sem fram fór í útvarpi við Margrétu frá Öxnaфelli, Þegar hún var spurð að því, hvort ekki bagaði hana að hafa tapað mjög sjón, þá svaraði hún til, að hún sjái vel, þegar hún hafi aftur augun. Má segja, að þar þurfi ekki fleiri vitna við um það, að skyggni hennar hafi ekki verið neinskonar augnsæi hennar eða sjónarhæfileiki, heldur einungis draumar blandaðir vöku.

En hvort er þá skyggnin ekkert annað en hugarburður, ef þar er ekki um annað en drauma að ræða ? Þeirri spurningu hlýtt ég að svara neitandi. Vissulega var það ekki einungis hugarburður hjá Swedenborg, þegar hann staddur í Gautaborg sá eldsvoða, sem þá á stundinni geisaði í Stokkhólmi. Er það dæmi alkunnugt svo sem mörg samskonar og verður naumast rengt. Þar var um að ræða raunveruleik, sem Swedenborg gat þó ekki skynjað með eigin augum, þar sem sá raunveruleiki átti sér ekki stað í umhverfi hans. Og hver er sennilegasta skýringin á þessari furðulegu fjarskynjan hans ? Sennilegasta skýringin er . að hann hafi þarna séð með augum einhvers annars, einhvers þess, sem hafði brunann fyrir augum, og er þá ástæða til að ætla, að þannig muni einnig vera um alla aðra furðuskyggni.

Eins og margir munu nú hafa heyrt talað um, þá hafa vestur í Bandaríkjum Norður-Ameríku verið gerðar margar og merki- legar athuganir og tilraunir varðandi drauma og sofandi menn og dýr. Hefir ágætur náttúrufræðingur íslenzkur skrifað mér þaðan ekki fyrir löngu, að skemmst sé það að segja af niðurstöðum þessara athugana, að þær kollvarpi öllum þeim draumakenningum, sem haldið hefir verið fram til þessa, að einni undanskilinni þó. Og hvaða kenning haldið þið nú að það muni vera, sem staðist hefir þessar nýju athuganir ? Sú kenning er sá skilningur, sem dr. Helgi Pjeturss hélt fram í Nýal sínum varðandi eðli svefns og drauma, en sem þessir vestrænu rannsóknarar vita að vísu ekki um. Þetta, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vöku- líf annars, kvað samkvæmt frásögn þessa kunningja míns, eitt standast þessar nýju rannsóknir og athuganir, og ætti því að fara að verða óhætt fyrir fræðimenn hér að gefa þeirri kenningu einhvern gaum. Og þegar nú er gætt að því, sem áður var hér vikið að varðandi eðli skyggninnar, þá ber þar að hinu sama. Hið líklegasta er, að maður sjái aldrei neitt án þess að eitthvað hafi

verið séð, og að hesturinn í Hvalfirðinum og huldustúlkan og skógurinn að Þverfelli hafi því ekki einungis verið hugarburður heldur fjarskynjaður veruleiki. Og þegar það nú loks mun vera orðið viðurkennt svo að enginn mun framar voga að mæla þar á móti, að hugsanaflutningur eigi sér stundum stað manna á milli, þá ætti samskynjan eða skynjanaflutningur ekki lengur að koma mönnum fyrir sjónir, sem nein furða eða ólíkindi. Samband hlutanna er líka engu minni tilveruundirstaða en hlutirnir sjálfir, og ætti því af þeirri ástæðu að þykja eðlilegt lífsamband á milli lífenda. Svo þýðingarmikið er hið beina samband á milli hlutanna, að án þess gætu sjálfir hlutirnir ekki verið til. Og hvernig hið beina líf og hugsamband megi eiga sér stað á milli einstaklinganna, ætti ekki heldur að þurfa að vera nein spurning fremur en t. d. aðdráttarsambandið á milli hnattanna eða geislan ljóss frá sól. Eins og svo greinilega kemur fram í sumum frásögum, varðandi hugsanasambönd og annað slíkt, þá verður það einfaldlega á þann hátt, að ástand eins heila framleiðir sig í öðrum. Má og benda á góða hliðstæðu þess, þar sem útvarpið er og fleira slíkt. Í rauninni er öll geislan falin í þessari víðleitni hvers hlutar að framleiða sitt ástand í öðrum. En þegar komið er á þá leið að skilja þetta samband, sem hér er um að ræða. Þá hlýtur það bráðlega að fara að liggja í augum uppi, að ekki verður komizt hjá því að leita út fyrir jörðina að upptökum sumra þeirra skynjana, sem skyggjarnir menn kunna að segja frá og stundum ber fyrir í draumi. Það ætti líka að liggja í augum uppi, að á sama hátt og þröðin er mjög fjarri því að vera sjálfri sér nóg á göngu sinni um geiminn, þannig hljóti einnig líf hennar að þurfa á samböndum að halda við aðrar og öflugri lífstöðvar, , Skilningur á eðli skyggjinnar og öðru slíku getur ekki orðið til fulls án þess að hafa í huga slíkar lífstöðvar.

Þorsteinn Jónsson

SKYGGNI OG SKYLD FYRIRBÆRI.

Haraldur prófessor Níelsson hefur sagt frá því að eitt sinn er hann var á ferð og dvaldist um nætursakir utan heimilis síns, hafi sig dreymt að hann kæmi í herbergi sona sinna tveggja og þóttist hann þá sjá annan þeirra sitja að tafli. Þegar hann kom heim komst hann að því að piltarnir höfðu setið uppi um nóttina og verið að tefla. En það sem ég býst við að próf. Harald hafi undrað mest, og minnir jafnvel að kæmi fram í orðum hans, er að hann skyldi ekki sjá nema annan piltinn. Verður þetta þó undireins auðskilið ef gert er ráð fyrir sambandi milli hans og annars

piltsins, þ. e. þess sem hann sá ekki. En að gera sér grein fyrir slíku sambandi er fyrsta sporið til þess að komast á skilningsleið í þessum efnum.

Ég geri auðvitað ráð fyrir því að allir vísindalega hugsandi menn sjái hvað það er fjarri allri skynsamlegri skoðun að " sálin fari úr líkamanum ". " Líkamalaus andi er álíka óhugsanlegur og gufuvél sem væri ekkert annað en gufa ", segir dr. Helgi Pjeturss, og væri nú öllum landsmönnum eða miklum meirihluta þeirra þetta ljóst, þá myndi þegar í stað verða mikil breyting á og geðveiki lokið að mestu eða öllu leyti. Mörg dæmi um geðveiki eru einmitt þannig, að þar er um skyggni að ræða, sambandsáhrif eða orku, sem leitar framrásar, þannig að skilningi þarf að vera að mæta, en sljóleiki og skilningsleysi hafa óheppileg áhrif á hið næmgerða fólk og skapa því lakari sambönd. Það eru stilliáhrifin sem þarna koma til greina og myndi hver maður verða því hæfari til að leiðbeina þeim sem fyrir þessu verða, sem hann hefði meiri þekkingu á því lögmáli.

Þó að ég nefni hér geðveiki í sambandi við skyggni, þá fer því vitanlega fjarri, að skyggni þurfi að leiða til slíks. En hvort um sig varpar ljósi á hitt, þegar fundin er hin sameiginlega orsök hvorttveggja. En án þeirrar þekkingar getur ekki orðið um fullan sigur að ræða yfir geðveikinni, og er í því sambandi íhugunarvert, að Vesturlandabúar skuli vera svo miklu verr farnir af geðveiki en Asíumenn og aðrir, sem þó hafa miklu síður notið þeirra lækningaaðferða sem fullkornastar þykja. Hefur verið á þetta minnst nýlega í blaðinu Vikunni af kunnum manni (Jóhanni Hannessyni prófessor), og talið merki um úrkynjun hins hvíta kynstofns. Má vera að það megi til sanns vegar færast, ef átt er við það að ástand þess kynstofns sé nú í sumum greinum að verða mjög sjúklegt. En ef lækning yrði, þá hygg ég, að slíkir veikleikar myndu koma fram sem kostir, og sem eitt það sem sízt mætti án vera. Má því sjá að skilnings muni vera þörf á eðli skyggninnar og þess sem þar kemur til greina, jafnvel langt fram yfir það, sem menn helzt mundu hafa í huga, það er að gera hana áhættulausa, og væri það þó eitt sér ekki lítilsvert. Til þess að kynstofninn geti þrifizt og náð sínum réttu lífsskilyrðum þarf að leggja rækt við skyggnina og gera hinu skyggna fólk kleift að láta aðra njóta hæfileika síns, en byrjunin á því væri sú, að slíkir einstaklingar færu að gera sér grein fyrir því, hvað það er sem gerist. Skal ég nú taka hér upp dæmi sem sýnir ofurvel hvernig skyggni lýsir sér, og birtist það í Morgunblaðinu í gær, þar sem margir hafa getað lesið það. Dæmið er ekki nýtt, það er frá því fyrir aldamót, en það hefur líka þann kost, að þarna er um tvo kunna menn að ræða sem báru sig saman um þetta efni og töldu reynslu sína af því líka.

" Þá er séra Guðlaugur Guðmundsson bjó á Brúarfossi, hirti hann sjálfur hesta sína, kembdi þeim á kvöldin og gaf þeim, því

að hann kappól þá. Einar dyr voru á hesthúsinu eins og títt er. Eitt kvöld var séra Guðlaugur í hesthúsinu sem oftast, og virtist honum þá allt í einu vera komnar tvennar dyr á hesthúsið, annarsstaðar en réttu dyrnar voru, og sá hann þær ekki, en hann sá þúfur og skítakláf út um hinar dyrnar, enda þótt koldimmt væri. Presti þótti þetta kynlegt og tók hann það til bragðs, að hann kastaði hrossataði í hvorttveggja dyrnar. Við það brá svo að þessar falsdyr hurfu, en prestur sá aðeins úr því réttu dyrnar.

Séra Guðlaugur sagði Sigurði Vigfússyni fornfræðingi (d. 1892) frá atburði þessum, og sagði hann að alveg það sama hefði eitt sinn komið fyrir sig í Reykjavík. (Sögn Guðlaugs 1901)

Það sem hér liggur beint við, er að prestur hefur komið í skyggniástand, sem hverfur þó þegar hann beitir sér gegn því, og er nú augljóst að ekki hefur sjálfráð ímyndun hans egnt skap hans á þann hátt, sem þarna kom fram. " Falsdyrnar " eru auðvitað ekki heldur neinar dyr á hesthúsinu heldur einhverjar alveg ósviknar dyr á öðru hesthúsi, sem prestur sér fyrir samband við einhvern sem þar er staddur. Mjög er eftirtektarvert að hjart skuli vera á því hesthúsi og fyrir utan það, þar sem myrkt var af nóttu þar sem þessa sýn bar fyrir. Hefur sýngjafinn því varla getað verið hér á landi, og munu ýmsir kannast við það úr draumum sínum að þar er annar tími en þar sem svefnstaður þeirra er, og hlýtur sýngjafinn því að vera í allmikilli fjarlægð, eða a. m. k. ekki í sama landi. En sumar eru þær draumsýnir og skyggnisýnir, sem sýna að sýngjafans verður miklu lengra að leita eða með öðrum orðum út fyrir jörðina. Og má þó gera ráð fyrir að miklu fleiri sýnir en þær sem bera þetta með sér beinlínis, sé að rekja til sambands við íbúa annarra hnatta.

Þorsteinn Guðjónsson

Á umræðufundi Félags Nýalssinna, þar sem þetta erindi var flutt meðal annarra, kom fram sú athugasemd frá Kristni Björnssyni sálfræðingi, að hjá geðveiku fólki mundi vera síður um skyggni að ræða en um " heyrnir " eða " ofheyrnir ", en játaði þó að stundum væri um sýnir að ræða hjá því. Þó að þetta kæmi fram hjá sálfræðingnum nálega í sömu andránni og hann bar brögður á að nokkur skyggni væri til, þykir mér þessi athugasemd hans allrar athygliverð, og ugglaut byggð á einhverri reynslu eða farið eftir reynslu einhverra. Þó er ekki ólíklegt, að athygli geðveikralækna beinist meir að því, sem sjúklingar þeirra segjað heyra en því sem þeir sjá, og einmitt þetta að þeir sem lærðir eru í þessari grein skuli neita skygginni á einu sviði en játa hana á öðru, sýnir bezt hver skortur raunsæis er þarna ríkjandi.

Þ. G.

SKYGGNI OG EÐLI HENNAR.

Frá ómunatíð hefur fjöldi einstaklinga með öllum þjóðum verið gæddir skyggniáfu. Hefur hún verið með ýmsum hætti; og mætti nefna ýmsar tegundir hennar. Eftir skilningi Nýalssinna má heimfæra mikinn hluta dulrænnar reynslu manna undir þetta heiti, ef viðhöfð er hin víðtækasta merking orðsins.

Eg mun nú nefna nokkur dæmi um skyggni, og leitast við að gefa nokkra skýringu á þessu fyrirbæri, á þann hátt, að skilja meg og byggja þá á kenningum dr. Helga Pjeturss, en hann studdist í rannsóknum sínum og uppgötvunum á þessum sviðum, við þá vísindalegu og náttúrufræðilegu þekkingu, sem þá var fyrir hendi. Aðalniðurstaða Helga er sú, að skyggni sé ávallt að undirrót framkomin fyrir samband sýnþega (hins skyggna manns) við sýngjafa (þann er sýnin stafar frá). Með öðrum orðum : Hinn skyggni maður sér með augum annars manns. Skyggni er því sambandsástand, sambandshæfileiki. Sýngjafi hins skyggna manns er oftast fjarstaddur. Hér er því um að ræða fjarsýn, fjarskynjun. Þótt hinum skyggna manni, virðist það, sem hann ser gerast í hinu næsta umhverfi hans, er þó ekki svo, í raun og veru. Má í því sambandi nefna, að hann sér að jafnaði hvort heldur með opin augu eða lokuð, og þó betur með lokuð, því með opin augu truflast sýnin fremur, og hið næsta umhverfi hins skyggna manns, skyggir þá fremur á eða truflar hina raunverulegu fjarsýn. Maður einn, er ég átti tal við sagði mér frá því, að eitt sinn er hann var á leið milli bæja gangandi, sá hann huldufólksbyggðir, voru þar margir bæir og mörg tún og einnig sá hann allskýrt aðra þætti þessa hulda landslags. t. d. fjöll og tinda. En jafnframt því að sjá þessa bæi og þessi fjöll sá hann hið raunverulega landslag sveitar sinnar, þar sem hann var á gangi. Virðist mér á þessu sú skýring eðlilegust, að maðurinn hafi komist í vitundarsamband við annan mann í fjarlægð, sem á þessari stundu horfði á landslag eins og það, er hinum skyggna manni bar hér fyrir augu.

Vitundar og fjarsambönd milli manna munu nú talin fullsönnuð og hafa rannsóknir á slíku farið fram við ýmsar menntastofnanir víða um heim.

Í bókinni „ Skyggna konan ” um Margréti frá Öxnafellu eru fjölmargar frásagnir um skyggni. Ein er svona : bls. 106. „ Við erum stödd suður í Hafnarfjarðarhrauni. Þar sýndist henni (Margréti) einn kleturinn verða að húsi og tvær stúlkur standa við glugga á húsinu ”. Nú vitum við að ekki gat verið þarna um

neitt hús að ræða á umræddum stað. Hér hlýtur því að hafa verið um að ræða samband Margrétar við einhvern, sem horfði á slíka sýn, og hefur vafalaust verið í fjarlægð.

Í bókum um Hafstein miðil er einnig fjöldi frásagna um dul-sýnir, um álfa, huldufólk, kirkju, sem ekki átti heima í viðkomandi landslagi o. m. fl. Get ég ekki séð, að þar sé um neitt annað að ræða en sambandssýnir.

Svo að ég nefni huldufólk, þá er því þannig lýst, að líklegt má telja að þar sé ekki um fólk að ræða, sem heima eigi á okkar jörð. Benda því slíkar sýnir út fyrir jörðina.

Allir kannast við sögurnar um skrímslið í Lock Ness vatninu í Skotlandi, sem fólk er alltaf að sjá þar öðru hvoru. Ólíklegt þykir mér, að þar sé um neitt annað að ræða, en sýnir, fjarsýnir, sambandssýnir. Slík skrímsli gætu verið til á öðrum hnetti, og einhverjir þar gætu verið að horfa á það á sömu stundu, og fólk hér yrði þess vart, og þá fyrir sambandsskynjun.

Sama skýring býst ég við að eigi við um hina svonefndu fljúgandi diska. Þeir hljóta að vera sambandssýnir. Því alveg er óhugsandi að hægt sé að ferðast milli fjarlæggra sólhverfa með einhverjum farartækjum til þess eru fjarlægðir af stórkostlegar. En kenningin um sambandseðli lífsins í alheimi, virðist geta veitt fyllnægjandi skýringu á þessu fyrirbæri (og mörgum öðrum skyldum).

Ýmsir ófreskir menn sjá stundum verur, sem svo eru bjartar og dýrðlegar, að alls ekki getur verið um að ræða mannlegar verur á okkar jörð. Slíkar sýnir benda því ótvírætt út fyrir jörðina. Og hlýtur þá að vera um að ræða vitundasamband við íbúa annarrar jarðstjörnu, því náttúrufræðileg hugsun, getur ekki gert ráð fyrir lífstilveru nema í sambandi við efni, og þá að sjálfsögðu aðeins í sambandi við aðrar stjörnur, því þær munu vera hin einu heimkynni lífsins, en ekki helkaldur geimurinn milli stjarnanna, eða umhverfis okkar jörð, eins og sumir gera sér í hugarlund.

Margt bendir til sambands við íbúa annarra stjarna. Það kann að þykja ótrúlegt, vegna hinna miklu fjarlægða, sem ráðandi eru í himingeimnum. Verðum við því að gera ráð fyrir að líforkan, lífgeislinn, sé svo langdrægur og hraðfleygur að fjarlægðir séu ekki hindrun. Ef hugsambönd eiga sér stað milli manna hvar sem er á okkar hnetti, er heldur ekki ólíklegt að slík sambönd geti átt sér stað milli íbúa fjarlæggra hnatta. Það virðist a. m. k. vera allt að því sönnun fyrir að svo sé, þegar skyggjarnir menn sjá ýms fyrirbæri, sem alls ekki geta átt sér stað á okkar jörð, en ástæðulaust er að ætla að ekki geti gerzt eða sézt á einhverri annarri jarðstjörnu. Allalengt mun t. d. vera, að menn sjái stjörnumerki sem alls ekki geta sést á himni okkar jarðar. Stundum sjá ófreskir menn tvær eða fleiri sólar, með mismunandi litblæ og oft mismunandi bjartar, og mennsjá fleiri en eitt tungl á lofti. Slíkar sýnir eru einnig algengar í draumum. Við hljótum að spyrja : " Hvaðan

væri hægt að sjá slíkar sýnir nema frá einhverjum öðrum byggðum hnetti ? Getur verið þarna um annað að ræða en sambandsskynjun við einhvern íbúa annars hnattar í öðru sólhverfi ?

Skyggni og skyggniháfa er einn af þeim dásamlegu hæfileikum, sem mönnum er gefinn. Réttur skilningur á eðli skyggni, er undirstaða þess að um framfarir geti orðið að ræða á þessu sviði, og ef vísindamönnum og öðrum færi að skiljast eðli hennar, gæti svo farið að þarna opnuðust möguleikar, sem meir mundu stuðla að sönnum framförum í heimi okkar, en unnt hefði verið að óra fyrir til þessa. Á ég þá við, ef takast mætti að ná fullkornari samböndum við íbúa annarra hnatta og fá þaðan þá hjálp, sem svo mikil er þörfin á. En það gæti aðeins orðið fyrir lífgeislasambönd, eins og hér hefur verið minnt á.

Ingvar Agnarsson.

Flutt á fundi 2. marz 1966.

GUÐMUNDUR Á KLAFASTÖÐUM SEGIR FRÁ.

V.

Almennt mun það hafa verið trú manna, að ef svipur sást lifandi manns, þá væri sá maður feigur eða bráðfeigur, eins og Skarphéðinn komst að orði. En ekki sýnist þetta vera algild regla. Guðrún Gísladóttir, sem lengi var ljósmóðir á Akranesi, en nú fyrir alllöngu er látin, sagði mér svo frá:

Þegar hún var húsfreyja að Melum í Melasveit, en það mun hafa verið um aldamót, var maður á næsta bæ, Melaleiti, er Jón hét, ef ég man rétt. Jón sótti sjó á vertíðinni, svo sem þá var títt. Var nú mjög að því komið, að hann skyldi fara, og vænti Mela fólkið hans einhvern daginn til að kveðja áður en hann færi. Einn morgun, er Guðrún var að sópa bæjargöngin, sá hún hann vera þar kominn og hafði orð á því við hann. " Ertu þá kominn ", sagði hún, en eigi varð það meira, því hann hvarf henni þegar. Seinna um daginn kom Jón svo til að kveðja. Guðrún kvaðst hafa sagt honum frá sýn sinni, og varð Jóni þá að orði : " Skyldi ég vera feigur ? "

Þrjátíu árum síðar, er þau voru við heyskap saman út við Akranes, minntust þau á þetta, og mundi Jón þá eftir því eins og hún.

Aldrei um ævina, sem þá var löng orðin, taldi Guðrún sig hafa séð neitt annað en svip þennan. Aðeins einu sinni kvaðst hún hafa orðið áhrifa vör, og þá mjög mildra, og vildi hún helst telja það frá manni nýlátnum, og var hann einn af mörgum, er hún hafði lengið stundað sjúkan.

VI.

Tómas hét maður Þormóðsson, og var hann lengi bóndi á Kárástöðum í Þingvallasveit. Eitt sinn kom hann að Klafastöðum en þangað var þá fluttur fyrir skömmu Narfi Þorsteinsson austan úr Þingvallasveit. Voru því kunnugleikar þeirra á milli, og varð þeim margt til umræðu eins og gengur, Tómas var fjörmaður mikill, jafnvel ákafamaður, og því að vonum skjótur til ákvarðana, ef svo bar undir. Tómas mun eitthvað hafa verið við skál, og þó ekki mikið, er hann sagði frá því, að eitt sinn, er hann var á gangi á Ísilögðu Þingvallavatni, þótti honum sem eitthvað kæmi á herðar sér. Taldi hann það kvenveru, hvaðan sem honum hefur komið sú vitneskja. Tómas gerði skjótan sinn skilning á þessu efni. Kvaðst hann hafa sagt svo hátt, að vel mátti heyra : " Hvað ert þú að gera hér ? Ekki það ég þig um að fylgja mér. Farðu þangað, sem þú varst. " Að svo mæltu hvarf honum þetta. En svo bætti Tómas því við, og er það kjarni sögunnar, að líklega mundi hann farast í Þingvallavatni, sem líka varð, ég held ekki löngu síðar.

Svo mætti helzt skilja, að Tómas hafi talið atburðinn á vatninu hafa verið forboða þess, sem koma skyldi. En mátti þá ekki skilja það sem aðvörun ? Margir telja að mælt sé allt og vegið, eins og stendur í vísu einni. En er það nú víst ? Fróðlegt væri að heyra álit einhverra um það.

VII.

Bóndi, er býr eigi langt héðan, sagði mér í gærdagsvo frá : Ég stundaði sjó frá Akranesi á vélbáti, en átti heima í sveit, þó ekki mjög langt frá. Eitt sinn varð ekki róið vegna illveðurs, sem nálgæðist það að vera fárveður. Lagði ég mig því ég hugðist sofna. Um leið og ég var að festa svefn, heyrðist mér kallað nafn mitt, en taldi það engu gegna. Sný ég mér því til veggjar og vill víst sofna. En svo fór sem fyrr, að kallað var enn, er komið var að svefni. Enn bæli ég mig niður og gef mig ekki að þessu. En þá er nafn mitt kallað í þriðja sinn, og fannst mér nú sem hús það, sem ég var í, logaði af eldi. Þótti mér þá sem nóg væri komið, og vil þegar halda heim til mín, sem ég og gerði, þó að veður væri vont. Og þegar heim kom, var líka nóg að starfa. Þak hafði tekið af tuttugu kúa fjósi í ofviðri þessu. Móðir mín sagði mér, er ég kom, að hún hefði þózt vita, að mín væri ekki langt að bíða.

Ekki spurði maðurinn móður sína, af hverju hún hefði þózt vita þetta, og held ég þó, að nokkur fróðleikur hefði getað verið í svari hennar varðandi köll þessi, og eigi sízt fyrir það, að samband móður og sonar mun þarna sterkt verið hafa, þar sem þau voru.

Guðmundur Þorsteinsson

DRAUMUR .

Mig dreymdi að mér var haldið sem fanga í einhverri byggingu sem þó var opin til hliðanna. Maður var þar, sem mér stóð mikill stuggur af. Hann hafði svo mikið andlegt vald yfir mér, að ég gat ekki rönd við reist, en varð að lúta vilja hans í öllu. Þó hafði ég fullan hug á að losna úr prísundinni, en sá ekki leið til þess. Helsta von mín var sú að einhverja vini mína bæri þarna að. Er ég hafði nú allengi litið í kringum mig, sá ég hvar nokkrir menn voru að vinna í nágrenninu. Þóttist ég vita að í þeim hópi væru einhverjir sem ég þekkti.

Tók ég nú kjark í mig og hrópaði: "Strákar, strákar", en enginn virtist heyra. Er maðurinn sem gætti mín heyrði köll mín, umhverfðist hann og varð afar illilegur ásýndum. Réðist hann tafarlaust á mig með hnúum og hnefum, en ég tók á móti, sem best ég gat, en fann að ekki hafði ég afl á við hann. Fannst mér einnig að hann vera studdur af aðsendu afli, sem gerði hann sterkari, og dró það úr mér mátt. Ég hélt áfram að kalla "strákar", og loks sá ég, hvar einn af þeim, sem var að vinna þarna nálægt, tók sig út úr hópnum og hljóp í átt til mín. Fannst mér þá allir hinir, sem hann var með að vinna, horfa á eftir honum, og fannst mér hann fá af því styrk og kraft. Jafnframt fann ég að mér óx ásmegin, og að mér hvarf allur ótti við óvin minn. Beitti ég mér nú gegn honum af miklu meira öryggi en áður, og hugðist láta kné fylgja kviði. Tókst mér að fella hann, og fer nú að traðka á honum með fótunum. En í því að vinur minn, sem kom hlaupandi mér til hjálpar var kominn til mín, gerðist það, að óvinur minn hvarf undan fótum mér, þar sem ég var í óðaönn að traðka á höfði hans, og eftir á jörðunni lá aðeins húfa hans, sem var svört og annað stígvél hans. Við vinirnir stóðum og horfðum á þetta. Ekki var ég þó mikið undrandi yfir þessu, en fremur vonsvikinn og æstur yfir að hafa ekki getað lumbrað nógu rækilega á þessum óvini mínum. Við þetta vaknaði ég, og var með ákafan hjartslátt.

Í fyrrihluta draums þessa er ég í einskonar herfjötri. Eitt-hvert illmenni hefur vald á mér þannig, að ég megna lítt eða ekki að gera neitt mér til bjargar gagnvart honum. Og er hjálp berst mér hverfur hann með þeim hætti að hann fer hamförum til einhvers annars staðar, þar sem fyrir er aflsvæði honum samstillt. Þetta mun vera fremur óvenjuleg draumreynsla.

Ekki sé ég þó ástæðu til að rengja þennan draum, eða gera ráð fyrir að um skort á athugun sé að ræða eða misminni, því hann var fremur skýr. Má einmitt gera ráð fyrir að slíkar hamfarir muni eiga sér stað á öðrum hnöttum, þar sem samstillingu er lengra komið en hér hjá okkur. Í þessum draumi hef ég fengið

samband við mann í illum stað og mögnuðum. Atburður þessi hefur hlotið að gerast á þeirri sömu stund, sem mig var að dreyma. Samband mitt við draumgjafa minn, hefur orðið svo náíð, að líkamsástand hans hefur haft áhrif á hinn sofandi líkama minn, sem kemur fram í mjög hröðum hjartslætti. Hefur það ekki gerst af öðru en móttökugeislunar frá hinum æsta draumgjafamínnum, sem heima mun eiga á einhverri fjarlægri jarðstjörnu, því svona atburðir geta ekki gerst hér á okkar jörð.

Ingvar Agnarsson
27/8, 1965.

FUNDARGERÐ 2. MARZ 1966.

Aðalfundur í Félagi Nýalssinna var haldinn miðvikudaginn 2. marz 1966 að Hverfisgötu 21. Formaðurinn setti fundinn kl. 9 og bauð fundarmenn velkomna. Sagði hann að auk aðalfundarstarfa yrðu þarna flutt erindi um skyggni og eðli hennar. M. a. mundi Þorsteinn Jónsson flytja erindi. Auk þess hefði félögum í Sálfræðingafélagi Íslands verið boðin þátttaka í fundinum. En þó að þeir flyttu ekki erindi vonaðist hann til að þeir leggðu orð í belg. Tveir sálfræðingar voru þá komnir, þeir próf. Símon J. Ágústsson og Kristinn Björnsson. Fundarstjóri, Benedikt Björnsson, tók því næst til máls og bar fram tillögu frá stjórninni um tilfærslu aðalfundarstarfa þar til að loknum erindum og umræðum um skyggnina. Var tillagan samþykkt. Þá skyldi næst, að sögn fundarstjóra, lesin fundargerð síðasta fundar. Tók Þorsteinn Guðjónsson að sér að lesa hana og var hún samþykkt.

Gengi þeir síðan fram hver á eftir öðrum. Þorsteinn Jónsson, Þorsteinn Guðjónsson og Ingvar Agnarsson og fluttu erindi um skyggni, og skal efni þeirra ekki rakið hér.

Sagði fundarstjóri nú orðið vera laust. Gekk þá fram Símon J. Ágústsson þakkaði hann fyrir hönd sálfræðingafélagsins að þeim hefði verið boðið á þennan fund. Gleður það mig alltaf, bætti hann við, þegar menn hafa áhuga á fyrirbærum sem varða manninn mikið. Efa ég ekki að skyggni eigi sér stað, en vandinn er sá að finna skýringu á þessum fyrirbærum sem skoðanir eru svo skiptar um.

Ingvar minntist áðan á að vatnaskrímsli kynnu að vera séð fyrir fjarhrif. Getur verið, en ýmsar skýringar aðrar kynnu að vera nærtækari.

Vil ég nefna dæmi úr eigin reynslu sem fyrir mig bar 7 ára gamlan. Þó að skýringu á því fengi ég ekki fyrr en að 20 árum liðnum. Grunn tjörn var skammt frá þar sem ég átti heima, í henni var móbotn og vatnið volgt. Silungar gekk stundum upp í þessa tjörn og rak þar uppi. Einn morgun sé ég þar sem ég

stend við tjörnina, slétt ávalt bak koma þar upp í sólskininu. Vatnið byltist frá því í boðaföllum góða stund, og bárunnar skullu upp að bakkanum, þar sem ég stóð. Varð ég hræddur og fór heim. Sagðist hafa séð skrimslí en fékk daufar undirtektir, og var skammaður fyrir lygasögur. 20 árum seinna eða 1934 er ég staddur í Hamborg. Hitti þar náttúrufræðing, góðan vin minn. Segi ég honum söguna, sem ég hefði ekki fengið á neina skýringu. Náttúrufræðingurinn kvaðst geta gefið skýringu á þessu, um náttúrufræðilegt fyrirbæri væri að ræða. Þrýstingur í botni tjarnarinnar hefði lyft honum upp, og það því verið tjarnarbotninn sem ég sá lyftast upp úr tjörninni og talið vera skrimslí. Þá nefndi Símon að í Skrimslafirði, þar sem hann var alinn upp, væri ægisandur, félli sjórinn þar upp á sandinn, en við útfallið myndaðist í sandinum keraldsbotn, líkt og einhver skepna hefði þar legið, þar af dregið nafn fjarðarins. Þá sagði hann frá bónda nokkrum sem var á ferð í myrkri, taldi sig sjá hroðalegt skeljaskrimslí og skaut á það, en það reyndist þá vera klökuð kind.

Fleiri dæmi svipuð nefndi hann einnig en bætti svo við að þótt reynslan væri sönn, væri oft hægt að finna á henni eðlilegar skýringar, en stundum væri leitað umhendis skýringa. Þá minntist hann á hugsanaflutning, og sagði suma neita að hann ætti sér stað. Þegar sjaldgæf fyrirbrigði væru annarsveggar yrðu menn og að vera vandlátir til sannana.

Þá kvaðst hann vilja segja frá dæmi úr eigin reynslu hvort sem það hefðu verið fjarhrif eða ekki. Var það einhverntíma 1. desember að hann og kona hans heyrðu fallett lag spilað í útvarpinu en honum tókst ekki að rifja lagið upp dagana á eftir. Hálfum mánuði síðar er hann að raka sig og þá man hann allt í einu lagið. Fer inn til sonar síns sem þá var einmitt að raula lagið. Taldi Símon nú upp nokkra skýringarmöguleika aðra en þann að um fjarhrif hefði þarna verið að ræða. Hann kynni allt í einu að hafa munað lagið og sonur hans heyrte hann raula það. Hann kynni að hafa heyrte það óafvitandi og það nægt til að hann fór að raula það. Hann sagði í þriðja lagi að þá væri margt líkt með skyldum og þeir því ef til vill rifjað þarna upp á sama veg. Í fjórða lagi kynni að hafa verið um hendingu að ræða, sem þó væri ef til vill ólíkleg. Gæti þannig verið um mjög margar skýringar að ræða. Gallinn væri sá, að mjög margar nægðu ekki, en ekki hægt að færa sönnur á að ein komi til greina og aðrar ekki. Meira sagði Símon ekki í bili og gekk til sætis síns. Stóð þá upp fundarstjóri og sagði orðið laust. Stóð þá upp og tók til máls Þorsteinn Jónsson. Sagðist hann geta sagt frá líku dæmi og Símon hefði sagt frá. Þegar hann hefði verið í Hvítárbyggðakóla var fólk einu sinni að syngja. Hefði þá farið að óma í huga sér lag sem fólkið síðan fór að syngja. Datt honum þá í hug hugsanaflutningur. En að því er skrimslin snerti þá taldi Þorsteinn skýr-

ingar Símons ekki útilokaðar, en skýringar Ingvars gætu þó komið til greina. Þá minntist hann á tilraunir dr. Rhines, og sagði að lokum að menn gætu deilt um þetta, en þá yrðu þeir engu nær. Stóð nú upp Þorsteinn Guðjónsson og kvaðst vilja taka undir þakkir til sálfræðinga fyrir komuna. Höfum við, sagði hann, borið fram okkar skýringar. Símon hefði dregið í efa að hugsanaflutningur væri viðurkenndur, en á þessu hefði þó á síðari árum orðið mikil breyting meðal menntamanna og væri sér t. d. kunnugt um að stofnaðir hefðu verið rannsóknardeildir til að rannsaka hvort hugsana-samband gæti átt sér stað við geimfara. Ekki væri nú hægt að skáka í því skjólinu, að menntamenn neiti hugsanaflutningi.

Símon stóð upp og sagðist ekki hafa sagt að hugsanaflutningur ætti sér ekki stað. En sumir hefðu látið sér nægja þær sannanir sem fram hefðu komið en aðrir ekki. Hugsanaflutningur væri rannsóknarverður þó að lengi sé þar verið að sanna. t. d. mætti benda á að vísindamenn væru að leita að útvarpsbylgjum frá öðrum hnöttum. Þar kynni að vera um möguleika að ræða en enn hefði það ekki verið sannað. Allt annað að eitthvað sé rannsóknarvert eða hitt að telja það sannað. Og ýmsir sem vit og þekkingu hafi efist enn um hugsanafl.

Þorsteinn Jónsson spurði þá. Hvað viljið þið sálfræðingar segja um fjarskynjun Swedenborgs, er hann sá brunann, er hægt að hrekja það ?

Símon kvaðst ekki vita það. Ýms dæmi væru til og margir þreifufðu fyrir sér. En ekki væri sannað að þetta ætti sér stað. Þetta með Swedenborg hefði hann ekki kynnt sér svo vel. Sagt hefði verið frá þessu dæmi Swedenborgs í Þunni gömlu og mjög bornar brigður á það. Spekingurinn Kant hefði á sínum tíma fengið um þetta upplýsingar og þótt það pottþétt. En þó að skarpskyggn væri hefði hann ekki gert sömu kröfur og nútímavísindamenn. Og þessar gömlu sagnir ýmsar dygðu ekki til að sanna. Stefán Thorarensen lét þess þá getið, að lýsing Swedenborgs á brunanum hefði verið vottfest í Gautaborg áður en tíðindi bárust þangað. Einnig minntist Þorsteinn Jónsson á að mörg dæmi væru til önnur. Sagði Símon þá að það væri bara að sanna þetta ótvírætt. Svona dæmi væru ekki hægt að endurtaka.

Ingvar kvaðst nú vilja leggja orð í belg. Kvaðst hann álíta að það sem ekki þætti sannað eftir ströngustu víðindalegum lögum, það mætti þó hafa til að vinna eftir. Mættu menn ekki láta sér fara líkt og þeim sem neituðu að horfa í kíkinn hjá Galilei með hvers tilstyrk hann hafði uppgötvað stærri himingeim en aðrir þóttust sjá.

Óskaði Ingvar síðan eftir álitum sálfræðinganna á skyggni eins og hann hefði í erindi sínu nefnt dæmi um og tekið úr bók um Margréti á Öxnafellu. Nefndi hann nú ákveðið dæmi um skyggnisýn Margrétar og annað um Hafstein Björnsson þegar hann staddur í dalverpi við Þingvallavatn þóttist sjá þar kirkju nokkra.

Hvaða skýring væri nærtækust, spurði Ingvar, til að skýra slíka fyrirburði og aðra slíka ?

Stóð nú upp Kristinn Björnsson sálfræðingur. Þakkaði hann fyrir, að sálfræðingunum hefði verið boðið á fundinn en þeir væru alltof fáir mættir.

Sagðist hann ekki vera réttur maður til að ræða þetta mál. Hann hefði lítið kynnt sér skyggni og engum skyggnum kynnst. Og ekki kvaðst hann hafa séð skrimсли um ævina.

Sagðist þó stundum hafa þóttst sjá eitthvað við að koma inn í herbergi þó að það hefði svo ekki reynst vera annað en sloppur eða annar hlutur í herberginu. Þó kvað hann það ekki að efa að margir sæu ýmislegt. En þegar talað væri um skýringar þá kæmi sér í hug stórt atriði, sem vert væri að minnast á, þ. e. ímyndunaraflið. Þegar við rifjuðum upp sæum við ljóslifandi atburði og umhverfi. Geturðu teiknað slíkt eða talið t. d. stalla í fjalli spurði þá Þorsteinn Jónsson. Svaraði Kristinn því óákveðið. Kristinn hélt áfram og sagði að annað væri endurminningarnar. Svo kæmi skáldgáfan til greina. Ætli skáldið þurfi ekki að upplifa í sínum hugarheimi, það sem það skrifaði ? Gera yrði ráð fyrir ímyndunarafli. En hvaðan krafturinn í þetta væri sóttur því væri erfitt að svara. Hvað er það, spurði hann, sem gerir daglega skynjun okkur meðvitaða ? Slíkt væri jafnvel merkilegra viðfangs-efni en skyggni og fjarhrif. Geti vísindin svarað því hvað meðvitundin er þá yrði ekki svo erfitt að svara hinu. Minntist Kristinn síðan á það hvernig skynjun yrði til og talaði um áreiti sem ertu heilann, í því sambandi. Í sambandi við það sem komið hefði fram í framsöguerindi Þorsteins Guðjónssonar um skyggni og geðveiki, sagðist hann vilja taka fram að skyggni væri ekki algeng hjá geðveiku fólki. En vitað væri að æxli sem þrýstir á sjónstöðvar framkallar sýnir. Kemur það fram þannig, að maður sér atburði, og við ertingu heilans með veikum rafstraumi kæmu slíkt einnig fram. Skynjanir væri hægt að framkalla í heilastöðvum án þess að ytri hlutur sé til staðar til að sjá. Eitthvað af skyggni mætti ef til vill skýra þannig. Þá sé þess einnig að minnast, að ímyndunaraflið sé stór hlutur. Að lokum sagðist Kristinn vilja taka þetta fram. Það er oft svo að gamlar sögusagnir eru illa staðfestar og óljóst skráðar, og sú spurning geti vaknað hversu miklu ímyndunaraflið hafi svo bætt þar við. Verðugt verk efni svona félags væri að leita uppi slík fyrirbæri. Skrá þau nákvæmlega. Komast að því hvernig menn upplifa þetta, líkt og í draumi eða vöku. Hvort ímyndunarafli komi þarna til greina. eða hvort menn sjái atburði sem voru að gerast. Það jákvæðasta sem menn gætu gert væri slík gagnasöfnun.

Stefán Thorarensen benti á, að til væri aragrúi slíkra sagna.

Næstur tók til máls Þorsteinn Jónsson. Þakkaði hann Kristni góðar ráðleggingar og sjálfsagt væri að safna gögnum. Kristinn hefði minnst á ímyndunaraflið og hvað það mundi vera. Og svo

hrokafullir værum við, að við teldum okkur geta svarað því. Skáldæð og ímyndunarafli sé skylt. Hvorttveggja væri af sambandsrótum runnið. Og að því er snerti ertingu heilastöðva þá væri þar um utanaðkomandi áhrif að ræða. Og að því er varðaði það að sjá, án þess að nokkur ytri hlutur sé til staðar til að sjá, þá væri því ekki til að dreifa í dæmi Swedenborgs. Lægi beint við að tala þar um fjarskynjun, sjónsamband við einhvern sem horfði á brunann. Og þannig sé ævinlega þegar um slíkt er að ræða, flutningur skynjana hliðstæður útvarpssambandi.

Er til nokkur skynsamlegri skýring á þessu en okkar, spurði Þorsteinn síðan. Kvaðst hann neita því, að við gætum framkallað mynd með hugsun okkar, þannig að það verði eins og þegar horft sé á hlut. Hann kvaðst hafa reynt að telja stalla í fjalli, þegar hann hafði það ekki fyrir augum, en gat það þá ekki. Til væru, sagði hann einnig, svo margar frásagnir sannar, að erfitt væri að neita þeim. Og að lokum spurði hann hvaða skýringar væru til aðrar en við hefðum komið með. Kristinn Björnsson tók þá til máls og kvaðst vilja svara Þ. J. Kvaðst hann líta á þessa kenningu Helga Þjéurss um að heilaástand eins framleiðist í öðrum, sem tilgátu. Afstaða sín væri sú, að hann mundi hvorki geta lýst hana rétta eða ranga, sannað hana eða afsannað.

Spurði Þ. J. þá hvort hann gæti nefnt aðra möguleika. Kristinn svaraði og sagði dæmið með brunann geta verið fjarskynjun og vera eitt af því sem hann legði áherzlu á að safna. Einhver kraftur kynni þar að koma til greina, sem við ekki þekktum. Vísindin væru skammt á veg komin og fjölmargt til sem við vissum ekki af. Viðræðum bara um það sem við þekkjum svaraði þá Þorsteinn Jónsson og bætti við. Geturðu séð aðra eðlilegri möguleika til þessarar fjarskynjunar en það sem ég nefndi? Hugsanaflutning, svaraði Kristinn. Þorsteinn Jónsson sagði þá, að skynjanaflutningur væri jafn eðlilegur og flutningur hugsana. Um einhverskonar næmleika taldi Kristinn að gæti verið að ræða. Þorsteinn Jónsson spurði hvort honum fyndist hin nýalska skýring fjarstæð. Kristinn taldi hana þá skynsamlega sem eina tegund hugsanaflutnings. Símon J. Ágústsson sagði, að tveir möguleikar væru þarna til, þ. e. hugsanaflutningur, en þar sem enginn sambandsaðili væri til staðar þá væri ekki um flutning að ræða.

Sagði hann síðan frá því að einn morgun hefði sér dottið í huglag sem hinar Belgísku nunnur hefðu sungið. Hversvegna er þetta lag aldrei sungið núna hugsaði hann með sér. En þegar hann kom heim um hádegis var það sungið í útvarpinu. Þetta tók ég gilt, sagði Símon, en ég skrifaði þetta ekki niður.

Stefán Thorarensen sagði þá frá reynslu systur sinnar. Lá hún í rúmi sínu heima á Akureyri og sá í draumi sama og það sem hann hafði fyrir augum sér. Gefur þetta ekki, spurði Stefán líkur fyrir svona sambandi? Jú, svaraði Símon. Einnig sagði Stefán frá dæmi um það, að hann hefði fengið í hugann lag, sem

rétt á eftir var farið að spila. Og „detti manni einhver vitleysa í hug, þá kemur hún út úr Stefáni“ hafði hann eftir móður sinni. Hafði hún sagt þetta einhverntíma um hann er hann var á barnsaldri. Og var það auðvitað til gamans sagt, en þó einnig til marks um næmleika hans fyrir hugskeytum frá móður sinni.

Þá tók til máls Þorsteinn Guðjónsson. Sagði hann, að sálfræðingarnir hefðu báðir gert sér tíðrætt um skrimslasöguna, og hefði mátt sjá, að þeir teldu nokkra gamansemi henta í því sambandi.

En í rauninni skipti þó ekki máli hvað séð væri, heldur að um sýnir væri að ræða. Þá minntist Þorsteinn á að í þjóðtrú Grikkja væri getið um sæslöngu, og þessa slöngu hefðu menn ekki séð með berum augum.

Sæslanga, að vísu miklu minni, hefði fundist í höfum, sem Grikkir höfðu ekki aðgang að. En í ljósi stjörnulíffræðinnar gæti ýmislegt komið til greina. Þorsteinn kvað Símon hafa gagnrýnt hjá sér það, sem hann hefði sagt um rannsóknir erlendis.

En ég heyrði - sagði Þorsteinn að lokum - Símon aldrei segja neitt um eigin skoðun sína á því hvort hugsanaflutningur eigi sér stað. En ef hann treystir sér ekki til að draga neinar ályktanir þarna á eigin spýtur, þá nær það ekki lengra. Því næst sagði Benedikt Björnsson, draum. Hafði hann í draumnum þótzt vera í barnaskóla. Var hann hlaupandi í frímínútum og datt. Verð honum litið í spegil og sá sig þar sem rauðhærðan strák, freknóttan. Og í öðrum draumi var það gráhærður öldungur sem hann sá þegar hann leit í spegil. Er það merkilegt sagði Benedikt, að þegar menn sjá sig í draumi, að þá skuli það ekki vera þeirra eigið andlit sem þeir sjá. Kæmi það vel heim við kenningu Helga Pjéurss. Þá sagði Benedikt að margir frásagnir um fyrirbrigði væru til sem ekki væri hægt að leggja fram sem grundvöll. Við í félaginu hefðum ekki skráð mikið niður, enda vandlátir. Væri því rétt að koma þyrfti upp rannsóknnum og afla vottfesta frásagna af fyrirbrigðum ýmsum, sem hægt væri að leggja fram sem gildar sannanir. Fyndist sér ákaflega gleðileg hin jákvæða afstaða sálfræðinganna til rannsókna. Væri það breytt afstaða frá því sem verið hefði fyrir um 15 árum. Því að þegar þá hefði verið leitað til ýmsra manna um rannsóknir var það fordæmt, eða ekki undir það tekið. Þorsteinn Jónsson þakkaði Benedikt Björnssyni fyrir og sagði að draumsögur hans hefðu minnt sig á, það sem sig langaði til að spyrja um, nefnilega það hvort það sem menn sæu í draumi væri þeim kunnugt úr vöku eða ekki. Þegar mann dreymir að hann sé heima hjá sér, t. d. lítur þar öðruvísi út. Þessu hefur verið oft lítill gaumur gefinn og sagðist Þorsteinn vilja hvetja alla til að athuga þetta. Út frá þessu byggðum við athuganir okkar. Og það sagðist Þorsteinn hafa margprófað að útlit sitt í draumi væri aldrei hið sama og í vöku. Sömu reynslu kvaðst Stefán Thorarensen hafa. Kristinn Björnsson tók nú til máls og sagði það rétt vera að í draumi sæi maður ekki hlutina eins og í vöku, enda væri með

vitundin óljósari meðan sofið væri. Gæti skýringin á þessu verið sú, að við sæum í draumi með annars augum. Það er þetta sem þú hefur í huga, bætti hann við, og beindi því til Þorsteins Jónssonar og játti Þorsteinn því. Sagði Þorsteinn síðan frá draumi konu nokkurrar. Hafði hún víst í draumnum þótt vera stödd heima hjá sér eða á öðrum stað sér kunnugum. Sagði hún allt hafa verið í draumnum eins og það átti að vera nema veggfóðrið. Það var öðruvísi. En veggfóðrið var það eina sem hún sá í draumnum, bætti Þorsteinn við, en að öðrum kosti mundi hún hafa séð að fleira var frábrugðið. Einnig hafði Þorsteinn eftir manni nokkrum að hann hefði dreymt að hann væri útlits sem hrukkótt kerling.

Stóðu nú sálfræðingarnir upp og sögðust þurfa að fara, enda talsvert liðið á tólfta tímann. En í því að þeir gengu áleiðis til dyra, eftir að þeir höfðu verið kvaddur og þakkað fyrir komuna stóð upp Þorsteinn Guðjónsson og bað þá hinkra aðeins við því að sig langaði til að segja við þá nokkur orð áður en þeir færu. Þakkaði Þorsteinn þeim fyrir komuna og sagði að þeir hefðu sagt fleira en í stuttu erindi. En þið hafið lítið sagt hvað þið álítið um kenningu Helga Pjéturss. Er það fásinna að þegja áratugum saman við því sem færasti vísindamaður þjóðarinnar hefur sagt um þetta efni. Og nú eru þessi efni í sókn erlendis. Sálfræðingarnir hlustuðu þögulir á ádrepu Þorsteins og gengu síðan út án andsvara. Sturlaugur Jónsson stóð nú upp og sagði nokkur orð. Sagði hann mikið hafa verið talað um skrímsli og drauga en sjálfur hefði hann aldrei séð neitt slíkt. Efaði hann þó ekki aðrir hefðu séð ýmislegt. Kom Sturlaugur síðan víða við. Minntist hann á þróun mannsins og sagði m. a. að við hefðum verið dýr fyrir milljónum ára. Stefán Thorarensen spurði Sturlaug hvort hann teldi að fyrstlingarnir í hafinu hafi verið við. Við erum þroskaðir upp af þessu svaraði Sturlaugur þá. Þá sagði Sturlaugur nokkuð frá draumareynslu sinni. M. a. sagði hann frá því að hann þóttist einhverntíma í draumi grafa fangamark sitt í stein, og var það B. S. í draumnum. Draumana kvað Sturlaugur benda sér á annað líf, og ýmsa viðleitni til að vara sig við kvaðst hann hafa orðið var við í draumum sínum og sagði frá dæmum um það. Og hann minntist á, að hann lærði lög í svefni. Benedikt Björnsson sagðist ekki efast um að Sturl. segði satt frá og fyndist sér að skýra mætti það samkvæmt skilningi Nýals.

Einnig sagði Benedikt frá því, að hann heyrði stundum tónlist á þann hátt, að hann skýrði þau sem sambandsheyrn. Einkum kvaðst hann heyra slíkt þegar hann væri staddur austur í Laugardal. Lagið „Nótt í Moskvu“ kvaðst hann t. d. hafa heyrt á þennan hátt og verið búinn að syngja það í tvö ár áður en það heyrðist hér. Hefði þetta komið honum sem náttúrustemming við fljót. Fleiri lög sagðist hann hafa heyrt fyrir samband. Þannig væru tvö lög sem hann biði eftir að kæmu einhversstaðar fram. Lauk hann máli sínu með þeim orðum, að engin væru þau fyrirbæri, sem við reyndum ekki

að skýra og skilja, og síðan hann eignaðist hinn nýalska skilning fundist sér miklu skemmtilegra en áður að vera maður.

Bergsteinn Jónsson stóð nú upp og ávarpaði fundarmenn. Lét hann í ljós vonbrigði yfir því, að sálfræðingarnir skyldu ganga af fundi áður en allir voru búnir að láta sitt álit í ljós. Sjálfur kvaðst hann hafa verið búinn að hugsa sér að leggja fyrir þá nokkrar spurningar, ef sér hefði gefist tækifæri til þess. Þakkaði hann það jákvæða í þeirra ræðu og kvaðst vona að það gæfi tilefni til að hittast aftur. Mæltist hann til að stjórnin gengist fyrir því, að fá sálfræðinga aftur á fund. Fundarstjóri tilkynnti síðan að umræðum væri lokið og yrðu nú tekin fyrir aðalfundarstöff.

Gjaldkeri Sigurður Ólafsson. Las því næst reikninga félagsins fyrir árið 1965. Kom fram, að Kr. 177,81 vantaði til að endarnir næðu saman. Allmiklu meira mun þó hata vantað og ákváðu þeir Ingvar og Sigurður að borga sjálfir mismuninn. Taldi Sigurður nauðsynlegt að hækka árgjaldið í 300 kr. Las hann upp kostnaðar-áætlun fyrir árið 1966. Gert er þar ráð fyrir 51 þúsund króna útgjöldum á árinu og til að ná þeirri upphæð muni 82 félagar greiða kr. 300.00 hver. Þ. e. samtals 26 þúsund krónur. 11 hafa greitt þúsund krónur í árgjald og kvaðst hann vona að þeir gerðu það áfram. Þá kynnu og að koma inn einhver gömul árgjöld. En það sem á vantaði til að ná endum saman, ætla þeir Sigurður og Ingvar enn að taka að sér að greiða.

Fundarstjóri spurði nú fundarmenn hvort þeir hefðu nokkuð við reikningana að athuga, sem að sjálfsgöðu hefðu þegar verið samþykktir af endurskoðendum. En engin hafði neitt við þá að athuga.

Þá kom fram tillaga um hækkun árgjaldsins upp í 300 kr. Var sú tillaga samþykkt með almennri handauppréttingu. Jafnframt var samþykkt að 7. gr. félagslaganna skyldi nú vera svohljóðandi : Félagsmenn greiða 300 krónur árlega í félagssjóð sem minnsta gjald. Þá var komið að stjórnarkjöri. Kvaðst Benedikt Björnsson gera það að tillögu sinni, að stjórnin yrði öll endurkjörin. Bergsteinn Jónsson sagði stjórnina hafa reynzt vel. Og varð það úr, að stjórnin var endurkosin með almennu samþykki fundarmanna.

Í aðalstjórn eru: Ingvar Agnarsson formaður, Sigurður Ólafsson gjaldkeri. Sveinn Haraldsson ritari. Meðstjórnendur. Þorsteinn Jónsson og Sveinbjörn Þorsteinsson Endurskoðendur eru Halldór Halldórsson og Elsa G. Vilmundardóttir

Formaður þakkaði félagsmönnum það traust sem stjórninni væri sýnt með þessu. Við munum, bætti hann við, reyna að gera það sem við getum til að efla félagið og málefni þess.

Var nú fundi slitið rétt fyrir kl. 12.00. A. m. k. 38 manns sátu fundinn og á honum var með lófataki samþykktur nýr félagi, Haukur Jónsson, Hafnarstræti 19, Reykjavík.

Sveinn Haraldsson.